



Árnesi, 7. febrúar 2024
Mál númer: M202402-0020

Mál nr.5/2024 - Ferðapjónustusvæði við Selhöfða í Þjórsárdal – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna ferðapjónustusvæði við Selhöfða í Þjórsárdal.

Fyrstu hugmyndir um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir Þjórsárdalinn og nágrenni má rekja til byrjun þessarar aldar. Aðdragandi að byggingu þeirrar þjónustumiðstöðvar sem áætlað er að byggja við Selhöfða er því kominn vel á þriðja tug ára. Við undirbúning að byggingu Fjallabaðanna í Reykholti í Þjórsárdal var áætlað að móttaka gesta færi fram innan þjóðlendunnar í Þjórsárdal við gervigígasvæðið. Í framhaldi af því að sveitarfélagið í samvinnu við Skógræktina og Forsætisráðuneytið auglýstu eftir aðila til að byggja þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdalinn voru Rauðukambar eini aðilinn sem sótti um. Það leiddi til þess að móttaka Fjallabaðanna var sameinuð inn í þjónustumiðstöð í ferðapjónustusvæði við Selhöfða í Þjórsárdal. Slík breyting færir því móttöku gesta Fjallabaðanna út úr friðlandi Þjórsárdalsins og minnkar mögulegt álag innan þjóðlendunnar. Fyrirhugað ferðapjónustusvæði við Selhöfðan í Þjórsárdal mun því leiða til minna álags á hið friðlýsta svæði heldur en ef móttaka Fjallabaðanna hefði verið á áður samþykktu svæði innan þjóðlendunnar í Þjórsárdal.

Undirbúningur ferðapjónustusvæðis við Selhöfðan í Þjórsárdal hefur verið í miklu samstarfi Rauðukamba, Skógræktarinnar og sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þjónustumiðstöðin mun gegna mikilvægu hlutverki í að upplýsa gesti um svæðið í heild og stýra umferð ferðamanna. Aðgengi að friðlýsta svæðinu í Þjórsárdal takmarkast með lélegum samgöngum um veg sem er skilgreindur 4x4 vegur og komast því einungis stærri bílar þangað, ekki fólkubílar né venjulegar rútur. Engin áform eru uppi um að bæta þær samgöngur, heldur upplýsa gesti í þjónustumiðstöð um þá staði sem hentugt er að skoða á svæðinu. Með því móti mun þjónustumiðstöðin við Selhöfða gegna lykil hlutverki í stýringu ferðamanna um svæðið og verndun þjóðlendunnar í Þjórsárdal.

Vel hefur verið vandað til verka í undirbúningi verkefnisins og eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti, Þjórsárdal, þá var það mat stofnunarinnar sökum mikilla og góðra gagna að mat á umhverfisáhrifum myndi ekki bæta neinum frekari upplýsingum um verkefnið.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjórsárdalinn er tilbúin og á einungis eftir að staðfesta með undirritun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlunin er leiðarvisir um skipulag og verndun Þjórsárdalsins. Í undirbúningi er að Skeiða- og Gnúpverjahreppur verði rekstraraðili Þjórsárdalsins í samstarfi við Umhverfisstofnun og með því móti verður tryggt að stýring ferðamanna um svæðið og verndun svæðisins verði ávallt í höndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps í góðri samvinnu með Umhverfisstofnun.

Það er því mat sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að ekki sé þörf á því að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum enda myndi slíkt mat ekki bæta neinu við nú þegar unnin gögn málsins.



F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti / Sveitarstjóri